

✉ Blöndulína 3- matsáætlun

Búið til	12.8.2020 12:59:30
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	12.8.2020 12:59:28
Tilheyrir	📁 202006-0034 - Blöndulína 3 - Beiðni um umsögn

Efni

Blöndulína 3- matsáætlun

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	12.8.2020 12:59:28	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	skipulag@skipulag.is, jakob@skipulag.is

Innihald

Tilvísun í málsnr. 202006-0034 (TB)

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 17. júní sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun fyrir Blöndulínu 3. Í erindinu er óskað eftir álitum Náttúrufræðistofnunar á því hvort stofnunin telji að áætlunin geri nægjanlega vel grein fyrir framkvæmdinni og umhverfi hennar, og hvort athugasemd er gerð við þá umhverfispætti sem matið á að taka til, valkosti sem leggja á mat á, gagnaöflun sem er fyrirhuguð og úrvinnsla þeirra og framsetningu í frummatsskýrslu. Beiðist er velvirðingar á því hvað það hefur dregist úr hófi að svara erindinu en það stafar af sumarleyfum starfsmanna.

Umsögn

Eins og Náttúrufræðistofnun hefur bent á áður þá er matsáætlun lýsing á því sem á að meta og hvernig fyrirhugað er að gera það og því takmörk fyrir því hve nákvæmlega er hægt að lýsa útfærslum. Það er því ekki fyrr en í sjálfri frummatsskýrslunni að hægt er að leggja mat á hvernig til hefur tekist og þá eftir atvikum taka afstöðu til framkvæmdarinnar og tiltekinna valkosta. Það getur því verið vandasamt á þessu stigi að leggja t.d. mat á hvort öflun og úrvinnsla gagna eða framsetning sé ásættanleg eða ekki og hvaða valkostir eru bestir. Á matsáætlunarstigi má þó oft sjá hvort það vantar t.d. rannsóknir eða valkosti eða að um er að ræða valkosti sem greinilega eru verri en aðrir m.t.t. eðli viðkomandi framkvæmdar og tiltekinna náttúrufræðisþátta sem líklega verða fyrir áhrifum. Rétt er að það komi fram að Náttúrufræðistofnun mun sjá um rannsóknir á gróðurfari (vistgerðir og tegundir) á framkvæmdasvæði Blöndulínu 3.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir matsáætlunina með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar. Framkvæmdinni í heild er vel lýst, sjá annars athugasemdir. Í matsáætluninni er farið yfir þá náttúrufræðisþætti sem snúa að hlutverki stofnunarinnar og líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á. Að öllu jöfnu er lýst með fullnægjandi hætti hvernig fyrirhugað er að afla gagna um mismunandi náttúrufræðisþætti og hvernig fyrirhugað er að meta áhrif á þá í frummatsskýrslunni. Þeir þættir sem hér um ræðir eru fyrst og fremst gróðurfar, dýralíf (vistkerfi, vistgerðir, tegundir), landslag/viðerni og jarðminjar auk almennrar landnýtingar m.t.t. sjálfærrar þróunar og náttúruverndar. Í matsáætluninni eru talin upp ýmis fyrirbyggjandi

gögn. Náttúrufræðistofnun lítur svo á að þar sé ekki um að ræða tæmandi lista og að gert sé ráð fyrir að afla nýrra nákvæmari gagna, eins og lýst er í áætluninni, þar sem sum gögn eru komin til ára sinna, sjá jafnframt athugasemdir hér að neðan.

Hvað varðar þætti eins og gróðurfar, dýralíf og landslag er því vel lýst hvernig fyrirhugað er að afla nýrra gagna. Meiri óvissa er um öflun gagna til að meta víðerni og jarðmyndanir. Munur er á valkostum línuleiðanna hvað varðar víðerni og því eðlilegt að gerð sé sérstök greining í frummatsskýrslunni á óbyggðum víðernum samhliða landslagsgreiningu. Skilgreining á víðernum er að finna í lögum um náttúruvernd, 19. liður 5. gr., og er skilgreiningin í sjálfu sé auðskiljanleg. Skilgreiningin segir hins vegar ekki beint til um hvernig meta á áhrif á óbyggð víðerni eða hvernig eigi að meta svæði, eða áhrif á þau, sem hafa öll einkenni víðernis þó þau uppfylli ekki öll skilyrði skilgreiningar á óbyggðum víðernum (t.d. má nefna áhrif af mannvirkjum sem „hvergi“ sjást frá ákveðnum svæðum vegna staðsetningar og gera það þó að verkum að svæði/víðerni nær ekki t.d. 25 km² stærð samkvæmt skilgreiningu).

Hvað jarðmyndanir varðar þá vantar í matsáætluninni að lýsa því hvernig eigi að standa að greiningu á jarðminjum á svæðinu m.t.t. verndargildis þeirra. Í kafla 7.4.4. er fjallað um vægi jarðmyndana og þar m.a. vísað í aðferðafræði í kafla 5 um mat á áhrifum. Náttúrufræðistofnun hefur unnið með þá aðferðafræði og telur hana góða leið til að sýna/meta áhrif. Aðferðin byggir hins vega á því að þau gögn sem eru notuð við greiningu á áhrifum séu góð þ.e. hvað varðar mat á verndargildi þeirra þátta sem verða fyrir áhrifum. Ef horft er til lífríkis þá eru fyrir hendi ákveðin viðmið og greining á landsvísu sem hægt er að líta til s.s. verndargildi vistgerða, vólstar, mikilvæg búsvæði, stofnstærðir og alþjóða samningar. Greining á jarðminjum á landsvísu er ekki enn til með sama hætti og fyrir t.d. vistgerðir eða mikilvæg fuglasvæði. Engu að síður eru til skýr **verndarmarkmið fyrir jarðminjar sbr. 3. gr. laga um náttúruvernd**. Það þarf því að gera góða greiningu á þeim jarðmyndunum sem er að finna á framkvæmdasvæðinu og fá samanburð við landshlutann og/eða landið í heild eins og við á og hægt er. Ekki nægir að líta eingöng til þess sem er friðað eins og segir á bls. 32 í matsáætluninni eða lýsa jarðfræðinni almennt. Skoða þarf jarðminjar í ljósi skilgreiningar á hugtakinu jarðfræðileg fjölbreytni sbr. 5. gr. laga um náttúruvernd: „Breytileiki jarðfræðilegra fyrirbæra, jarðvegs og landmótunar, ferla og myndana. **Hugtakið tekur til bergs, steinda, landforma, setlaga og jarðvegs ásamt þeim náttúrulegu ferlum sem mynda og móta þessa þætti.**“ Það getur verið misjafnt eftir svæðum hversu nákvæm svona greining þarf að vera en engu að síður þarf að fá heildarmynd af framkvæmdasvæðinu. Fyrir utan friðaðar jarðminjar þarf að skoða vel C-hluta náttúruminjaskrár og auk þess viðmið við val á svæðum á náttúruminjaskrá, sjá 35. gr. laga um náttúruvernd, t.d. gildi minja miðað við aðrar í sama flokki náttúruminja meðal annars m.t.t. jarðfræðilegar fjölbreytni. Ávallt þarf síðan að skoða einstök fyrirbæri sem geta verið mjög fágæt á lands eða heimsvísu. Einnig þarf að líta til þess að þó ekki séu til alþjóðlegir samningar um vernd jarðminja með sama hætti og um lífríki þá verður að líta til alþjóðlegs samstarfs um vernd jarðminja s.s. á vegum ProGeo, sjá <http://www.progeo.ngo/> (<http://www.progeo.ngo/>), og IUCN, sjá <https://www.iucn.org/commissions/world-commission-protected-areas/our-work/geoheritage> (<https://www.iucn.org/commissions/world-commission-protected-areas/our-work/geoheritage>).

Náttúrufræðistofnun vill einnig ítreka það sem stofnunin hefur oft áður bent á í sambandi við lagningu raflína og umhverfisáhrif þeirra. Í fyrsta lagi að allri slóðagerð sé haldið í lágmarki og frekar notast við „rétt“ flutningstæki og önnur tæki við framkvæmdir og viðgerðir á línunum, ekki hvað síst á viðkvæmum svæðum. Góð greining á þessu þarf að vera í frummatsskýrslu fyrir alla valkosti. Í öðru lagi að allir valkostir (einnig hvað varðar tæknilegar útfærslur) um lagningu raflína í jörð verði lagðir fram og kannaðir og þá nýttir sérstaklega þar sem um er að ræða viðkvæm svæði vegna t.d. jarðminja, landslags/víðerna eða annarra þátta.

Niðurstaða

Að öðru leiti en því sem gerðar eru athugasemdir við hér að framan telur Náttúrufræðistofnun með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar og eðli framkvæmdarinnar að matsáætlunin geri nægjanlega vel grein fyrir framkvæmdinni og umhverfi hennar og að gerð sé grein fyrir þeim umhverfisþáttum og valkostum sem matið þarf að taka til. Frummatsskýrslan mun síðan leiða í ljós hvernig til tekst um framsetningu og úrvinnslu gagna, sjálft matið og val á valkostum.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8

210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is (mailto:trausti@ni.is)



Viðhengi

image001.gif (2 KB)

image001.gif (2 KB)